

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22. sep. 2011
2.14.2
Tilv. _____



Reykjavík, 22. september 2011  
Tilvísun: UST20110100052/edk

## Áminning og krafa um tímasetta áætlun um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 22. júlí 2011 þar sem Skaftárhreppi var veittur frestur til að ráðast í endurbætur á sörporkustöð sveitarfélagsins. Í sama bréfi var rekstraraðili einnig krafinn um að láta framkvæma mælingar í vikunni 29. ágúst til 2. september 2011, sem skyldu þá staðfesta árangur endurbótanna.

Umhverfisstofnun bárust sjónarmið Skaftárhrepps í bréfi dagsettu 14. ágúst 2011, þar sem kemur fram að frá síðustu mælingum hafi Skaftárhreppur brýnt fyrir íbúum mikilvægi flokkunar heimilissorps og voni að með aukinni flokkun dragi úr mengandi efnum í útblæstri stöðvarinnar, þar á meðal lífræns kolefni (TOC). Varðandi útblásturshraða lýsir rekstraraðili því sjónarmiði að stöðin sé stillt og uppsett eins og hún kemur frá framleiðanda og að aukin útblásturshraði myndi valda því að útblásturshraði staldraði skemur við í eftirbrensluhólfi og valda því að enn mengaðri reykur kæmi frá stöðinni en ella þar sem ekki næðist að brenna upp jafn mikið magn mengandi efna. Eins telur rekstraraðili óvíst hvort sá útblásturshraði sem krafist er skv. gr. 3.10 í starfsleyfi næðist með því að breyta uppsetningu stöðvarinnar. Í bréfinu hafnar Skaftárhreppur beiðni Umhverfisstofnunar um mælingar sem krafist var í bréfi stofnunarinnar 22. júlí sl. og vísar í að skv. grein 4.4 í starfsleyfi skuli þær framkvæmdar á 12 mánaða fresti og því fari þær næst fram í janúar 2012.

**1. Skaftárhreppur hefur brýnt fyrir íbúum mikilvægi flokkunar sorps og bindur vonir við að það dragi úr útblæstri mengandi efna, þar á meðal lífræns kolefnis (TOC).** Umhverfisstofnun fellst ekki á að átak í fræðslu um flokkun úrgangs komi í stað mælinga sem staðfesta að innihald lífræns kolefnis í útblæstri sörporkustöðvarinnar sé komið undir leyfileg mörk. Samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi eru losunarmörk lífræns kolefnis (TOC) frá stöðinni 20mg/Nm<sup>3</sup> og kynningarstarf á flokkun heimilisúrgangs staðfestir ekki lægri útblásturgildi, mælinga er því enn krafist.

**2. Sörporkustöð Skaftárhrepps er sett upp frá framleiðandi fyrir minni útblásturshraða en starfsleyfi gerir kröfu um, og breytingar á uppsetningu stöðvarinnar til að auka útblásturshraða myndu líklega leiða til meiri mengunar í útblæstri frá stöðinni.** Útblásturshraði stöðvarinnar er of lágur að mati Umhverfisstofnunar og er langt undir kröfum í starfsleyfi, sbr. gr. 3.10. Skv. reglugerð 739/2003 um brennslu úrgangs skulu brennslustöðvar vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við vinnsluna, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850°C í tvær sekúndur hið minnsta. Ef brennd eru spilliefni sem innihalda meira en 1% af halógeneruðum, lífrænum efnum, gefið upp sem klór, verður að hækka hitann í 1100°C í a.m.k. tvær sekúndur. Sorpbrennslustöðin þarf að uppfylla þessi skilyrði úr reglugerð samhliða þeim kröfum sem

starfsleyfið gerir um útblásturshraða. Það að aukinn útblásturshraði muni auka mengun í útblæstri bendir til þess að sorporkustöðin sé ekki sett upp til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í starfsleyfinu og að þörf sé á betri tækni eigi sorpbrennslan að uppfylla ákvæði starfsleyfisins.


**3. Mælingar eiga að fara fram á 12 mánaða fresti sbr. grein 4.4 í starfsleyfi.** Reglubundnar mælingar fara fram einu sinni á ári sbr. skilyrði í starfsleyfi. Þar að auki hefur Umhverfisstofnun heimildir, skv. gr. 4.6 í starfsleyfi til að krefja rekstraraðila um mælingar með styttra millibili þegar tilefni þykir til. Næsta reglubundna mæling á að fara fram í janúar 2012. Hins vegar þegar reglubundnar mælingar sýna fram á að útblásturgildi séu yfir leyfilegum losunarmörkum er farið fram á endurbætur og nýjar mælingar í kjölfarið til að staðfesta að endurbæturnar hafi skilað tilætluðum árangri. Ekki er verið að fara fram á reglubundna mælingu allra þeirra þátta sem tilteknir eru í starfsleyfi, heldur einungis mælingu á lífrænu kolefni (TOC). Í samræmi við ofangreinda umfjöllun telur Umhverfisstofnun ekkert það fram komið sem breyti því að sorporkustöð Skaftárhrepps uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis og ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.


**Umhverfisstofnun veitir hér með Skaftárhreppi áminningu, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs þar sem útblásturgildi lífræns kolefnis er enn yfir leyfilegum losunarmörkum og útblásturhraði er undir viðmiðunarmörkum. Umhverfisstofnun veitir hér með Skaftárhreppi frest til að koma með tímasetta áætlun um úrbætur til og með 13. október 2011.**

Sinni Skaftárhreppur ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kærán borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst Skaftárhreppi í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993. Kærán sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands